

ÞINGEYJAR SVEIT

HVAÐ ER AÐ
FRÉTTA?



JANÚAR 2025

FÖRUM STERK INN Í NÝTT ÁR

Ef litið er yfir íbúapróun síðasta árs þá fjölgaði íbúum Þingeyjarsveitar um 66 einstaklinga árið 2024 eða um 4%. Er þetta annað árið í röð sem fjölgunin fer umfram háspá um íbúapróun í Húsnæðisáætlun Þingeyjarsveitar. Því heldur áfram að vera talsverð uppsöfnuð íbúapörf í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn stefnir því ótrauð í áframhaldandi húsnæðisuppbyggingu m.a. í samstarfi við Brák hses. og Bríet. Nú í upphafi árs fékk Bríet afhentar tvær íbúðir á Laugum sem hafa verið auglýstar til leigu. Brák hses mun hefja byggingu á tveimur íbúðum í Mývatnssveit með vorinu. En betur má ef duga skal og nú hefur verið sett í loftið húsnæðiskönnun þar sem verið er að greina íbúðapörf í sveitarfélaginu. Verða niðurstöður hennar nýttar við áframhaldandi uppbyggingu sem miðast að þörfum íbúa. Ég hvet íbúa til að taka þátt í könnuninni og með því taka þátt í að móta áframhaldandi húsnæðisuppbyggingu í sveitarfélaginu. Lesa má nánar um könnunina hér í fréttabréfinu.

Sveitarstjóri og sviðsstjórar heimsóttu sveitarfélagið Skagafjörð og Dalvíkurbyggð í janúar og áttu afar gagnlega fundi með stjórnendum þar. Farið var yfir áskoranir og tækifæri í sveitarfélögunum, miðlað reynslu og þekkingu. Svona heimsóknir eru mikilvægur liður í að efla tengsl og spegla sig við fólk sem er að takast á við svipaðar eða sambærilegar áskoranir.

Í lok síðasta árs samþykkti sveitarstjórn að veita starfsmönnum sveitarfélagsins heilsueflingarstyrk. Með þessum styrkjum vill sveitarfélagið hlúa að velferð og heilsu starfsmanna auk þess að hvetja til heilsueflingar Það er von okkar að sem flestir geti nýtt sér þennan styrk.

Nýverið fékk sveitarstjórn góðan gest þegar nýr þingmaður Víðreisnar, Ingvar Þóroddson, óskaði eftir fundi með sveitarstjórn til að kynna sig og fá að kynnast sveitarfélaginu. Fóru fulltrúar sveitarstjórnar yfir þær áskoranir og tækifæri sem eru í sveitarfélaginu sem og þær áherslur sem sveitarstjórn hefur lagt upp með við þingmenn kjördæmisins síðustu misseri. Var þetta ánægjuleg heimsókn og jákvætt þegar nýir þingmenn sýna frumkvæði við að kynna sér sveitarfélögin í kjördæminu. Við þökkum Ingvari Þóroddssyni fyrir ánægjulega heimsókn.

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri.

BOLLALEGGINGAR SVEITARSTJÓRA



Arnór Benónýsson, Knútur Emil Jónasson, Ingvar Þóroddsson, Jóna Björg Hlökkversdóttir, Gerður Sigtryggisdóttir, Eyþór Kári Ingólfsson og Árni Pétur Hilmarsson.

HÉR MÁ NÁLGAST

SORPHIRÐU DAGATAL

ÞINGEYJARSVEITAR 2025



FRIDLÝSING MENNINGARLANDSLAGS HOFSTAÐA STAÐFEST

Guðlaugur Þór Þórðarson, fyrrum umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur staðfest friðlýsingu menningarlandslags Hofstaða í Þingeyjarsveit, en friðlýsingin var gerð að tillögu Minjastofnunar Íslands og tekur til menningarlandslags heimatúns Hofstaða. Aldursfriðaðar og friðlýstar menningarminjar á Hofstöðum og umhverfi þeirra mynda hið friðlýsta menningarlandslag. Ef áður óþekktar minjar finnast innan svæðisins falla þær undir skilmála friðlýsingarinnar. Uppistandandi íbúðarhús og útihús á jörðinni eru undanskilin friðlýsingunni.

Í rökstuðningi Minjastofnunar Íslands með friðlýsingartillögu kemur fram mikilvægi þess að vernda þá minjaheild sem menningar- og búsetulandslag á Hofstöðum mynda bæði vegna einstakra fornleifa en einnig að rannsóknarsaga svæðisins sé einstök. Á Hofstöðum eru minjar stórbýlis og trúarmiðstöðvar frá 10. öld, þ.m.t. stór skáli, merki um heiðin blót, kirkja og kirkjugarður. Skálinn er með stærstu víkingaaldarbyggingum sem grafnar hafa verið upp á Íslandi.



Loftmynd af Hofstöðum



Íbúðarhús er undanskilið friðlýsingunni.



Fornleifafræðingar að störfum

HÆTTULEG GATNAMÓT? VARASÖM BEYGJA?

Þingeyjarsveit vinnur nú að umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið og hefur fyrsti samráðsfundur þegar verið haldinn. Markmiðið er að búa til aðgerðaráætlun svo auka megi öryggi í sveitarfélaginu, fækka slysum og auka lífsgæði íbúa sem og annarra sem um sveitarfélagið ferðast.

Mikilvægur hluti vinnunnar er að kortleggja hættur í umferðinni. Kortlagning hættustaða mun ekki bara byggja á hvar slysin hafa átt sér stað heldur einnig taka mið af mikilvægri upplifun íbúa á varasömum stöðum og mögulegum hindrunum í gatna- og stígakerfinu. Því hefur sveitarfélagið ákveðið að efna til stafræns íbúasamráðs þar sem öllum íbúum gefst tækifæri á að koma sínum ábendingum á leiðis. Við viljum fá ábendingar ykkar varðandi þá staði sem þið upplifið hættulega í umferðinni.



Sérstök ábendingagátt verður opin til 20. febrúar nk. [Smelltu hér til að fara í gáttina.](#)

HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG – SAMSTARFSVERKEFNI

Pingeyjarsveit auglýsir eftir samstarfsverkefnum sem falla undir heilsueflandi samfélag.

Meginmarkmið heilsueflandi samfélags er að styðja samfélög í að vinna með markvissum hætti að því að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Með innleiðingu heilsueflandi samfélags vinna sveitarfélög einnig að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Íbúar sem vilja koma á verkefnum í samræmi við markmið heilsueflandi samfélags geta sótt um samstarf við Pingeyjarsveit um framkvæmd verkefnanna. Íþrótta-, tómstunda- og menningarnefnd fjallar um umsóknirnar og gerir tillögu til sveitarstjórnar um afgreiðslu einstakra umsókna.

[Sækja um samstarfsverkefni hér](#)



VETRARHÁTÍÐ VIÐ MÝVATN

Vetrarhátíð við Mývatn nálgast og fer að þessu sinni fram dagana 28. febrúar – 9. mars!

Hátíðin fer fram víðs vegar um Pingeyjarsveit og samanstendur af margvíslegum vetraríþróttum, keppnum, viðburðum og vetrardagskrá fyrir alla fjölskylduna!

Pingeyjarsveit er aðal styrktaraðili Vetrarhátíðarinnar og við hvetjum íbúa til að taka virkan þátt í þessari frábæru hátíð okkar. Dagskráin er enn í mótun en þegar orðin þétt skipuð af áhugaverðum viðburðum.

[Skoðið dagskrána hér](#)



Dorg á Vestmannsvatni

NÝR SKRIFSTOFU- OG SKJALAFULLTRÚÍ

Þorbjörg Guðmundsdóttir hefur verið ráðin sem skrifstofu- og skjalafulltrúi hjá Þingeyjarsveit.

Þorbjörg er með BA próf frá Oslóarháskóla í menningar- og félagsfræði með áherslu á norræn tungumál, bókmenntir og norsku sem annað tungumál. Hún starfaði sem yfirmaður fiskideildar við matvörukeðjuna Meny í Noregi á árunum 2019 – 2022 og frá árinu 2022 til 2024 hjá Eymundsson á Akureyri, fyrst sem umsjónar maður erlendra bóka og námsbóka og síðan sem yfirmaður íslenskra bóka og tímarita.

Þorbjörg kom til vinnu í lok janúar og við bjóðum hana hjartanlega velkomna til starfa.



Þorbjörg Guðmundsdóttir

MEÐ PUTTANN Á PÚLSINUM

Það hefur verið í nægu að snúast hjá Rauða Krossinum í janúar og mikil fræðsla verið vítt og breitt um Þingeyjarsveit!

Thomas Helmig stóð fyrir skyndihjálpar námskeiði fyrir kennara og starfsfólk Þingeyjarskóla á dögnum, á meðan Unnsteinn Ingason hélt sams konar námskeið fyrir starfsfólk Stórutjarnaskóla rétt eftir áramót. Nemendur í 7.-10. bekk Stórutjarnaskóla fengu einnig ítarlega fræðslu á fjögurra klukkustunda námskeiði, og fengu sérstakt hrós frá námskeiðishaldara fyrir mikinn áhuga og góða samveru. Þá fóru líka allir starfsmenn Framhaldsskólans á Laugum á skyndihjálparnámskeið rétt upp úr áramótum.

Skyndihjálpar bjargar lífum

Það er mikilvægt að allir kunni skyndihjálpar og geti aðstoðað eða jafnvel bjargað einstaklingi í neyð. Kannt þú skyndihjálpar? Oftar en ekki er það einhver nákominn þér sem þarf á tafarlausri hjálpar að halda vegna slyss eða skyndilegra veikinda. Rauði krossinn í Þingeyjarsýslu býður upp á margskonar námskeið í skyndihjálpar fyrir alla áhugasama. Fyrir frekari upplýsingar er hægt að hafa samband við Unnstein Ingason á netfangið gjaldkeri.thing@redcross.is.





LAUS STÖRF Í ÞINGEYJARSVEIT

Á heimasíðu Þingeyjarsveitar má finna laus störf í sveitarfélaginu. Opið er fyrir umsóknir í eftirfarandi stöður:

- **Starf í mötuneyti Þingeyjarskóla**
- **Starfsmaður Íþróttamiðstöðvarinnar í Reykjahlíð**
- **Leikskólakennari í Barnaborg í Þingeyjarskóla**

NÁNARI UPPLÝSINGAR HÉR

NÝR VERKEFNASTJÓRI SSNE OG ÞINGEYJARSVEITAR Á SVIÐI UMHVERFIS- OG ATVINNUÞRÓUNAR

Arnheiður Rán Almarsdóttir hefur verið ráðin í starf verkefnastjóra á sviði umhverfis- og atvinnuþróunar með starfsstöð í Gíg í Þingeyjarsveit. Verkefnið er samstarf SSNE og Þingeyjarsveitar og er ráðið tímabundið til tveggja ára. Arnheiður var valin úr hópi 10 umsækjenda og verður hlutverk hennar að vinna að verkefnum á sviði umhverfis- og orkumála, verkefnum tengdum fjölnýtingu jarðvarma og atvinnuuppbyggingu í Þingeyjarsveit svo fátt eitt sé nefnt.

Arnheiður er með BSc, gráðu í líftækni og MSc. gráðu í auðlindafræði. Auk þess er hún með MEd. gráðu í kennslufræðum ásamt því að hafa sinnt ýmsum nefndarstörfum á umhverfissviði.

Arnheiður hefur starfað í mörg ár við umhverfismál og auðlindanýtingu en núna síðast vann hún sem kennari í Mývatnssveit þar sem hún meðal annars vann að innleiðingu Grænafána verkefnisins og stýrði tilraunverkefni í úrgangsmálum. Hún starfaði áður sem framkvæmdastjóri Mýsköpunar ehf., og kom þar á legg þörunaræktun með jarðvarmanýtingu og verðmætasköpun að leiðarljósi.

Arnheiður mun hefja störf nú í febrúar og við bjóðum hana hjartanlega velkomna til starfa.



Arnheiður Rán Almarsdóttir



HÚSNÆÐISKÖNNUN ÞINGEYJARSVEITAR

Pingeyjarsveit stendur nú fyrir könnun um húsnæðismál í sveitarfélaginu. Könnunin er hluti af markvissu starfi sveitarfélagsins við að greina stöðuna á húsnæðismarkaði og vinna að raunhæfum lausnum sem mæta þörfum íbúa.

Þátttaka íbúa í könnuninni er afar mikilvæg þar sem niðurstöðurnar nýtast sveitarstjórn til að leggja grunn að áframhaldandi húsnæðisuppyggingu í sveitarfélaginu.

Það tekur 2-3 mínútur að svara könnuninni, öll svör eru nafnlaus og ekki rekjanleg til einstakra þátttakenda.

Ef einhverjar spurningar eða athugasemdir vakna varðandi framkvæmd könnunarinnar, er íbúum bent á að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins í gegnum netfangið thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is

Könnunin verður opin til 20. febrúar nk.

Sveitarfélagið hvetur alla íbúa til að taka þátt og hjálpa til við að móta framtíðina!

Hér má svara könnuninni



HVER ER HÖRÐUR SIGURÐSSON?

Slökkviliðsstjóri
Þingeyjarsveitar

Hörður er fæddur á Akureyri og að miklu leiti alinn upp þar hjá móður og stjúpa til 9 ára aldurs en þá keyptu þau Glaumbæ í Reykjadal og hófu þar búskap með kýr, kindur og refi auk nokkurra hrossa. Ættir Harðar liggja víða um land, í Stafni og Breiðumýri í Reykjadal, Melum/Mýrarlóni í Eyjafirði, Gíslabæ á Snæfellsnesi og í Dölunum svo eitthvað sé nefnt. Eins og þá tíðkaðist tók Hörður ungur þátt í vélavinnu við heyskap og í vélunum lá áhuginn lengi vel ásamt björgunarsveitarstörfum. Hann lærði vélvirkjun og tók meirapróf og vinnuvélapróf og hefur nýtt alla þá kunnáttu sína ágætlega í ýmsum störfum.

Hann Hörður var nú ekki að fara yfir lækinn til að sækja vatnið, hann heillaði eldri piparmey sem átti ágætis jörð og á Einarstöðum hefur hann nú unað hag sínum dável í tæp 30 ár. Eiga þau tvær uppkomnar dætur og kappinn varð afi á nýliðnu ári. Fjölskyldan ræktar sauðfé af áhuga og hross til heimabruks auk þess sem þau þjónusta hund og kött. Einnig leigja þau út íbúð til ferðamanna.

Fyrir nokkrum árum lét Hörður draum sinn rætast og lærði sjúkraflutninga, réði sig í slökkviliðið á Akureyri sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður en áður hafði hann verið starfandi í slökkviliðinu hér á staðnum. Þarna liggur hans aðaláhugi í dag. En hann tók nýverið við starfi slökkviliðsstjóra þingeyjarsveitar.

Hann heldur utanum rekstur slökkviliðsins á staðnum. Hefur umsjón með rúmlega 20 starfsmönnum sem eru slökkviliðsmenn og vettvangsliðar auk þess sem hann ber ábyrgð á búnaði slökkviliðsins. Hann sinnir eldvarnaeftirliti sveitarfélagsins, hann yfirfer teikningar og tekur út nýbyggingar með tilliti til þess að reglugerðum sé framfylgt og gefur út leyfi fyrir samkomum svo eitthvað sé nefnt. Rýmingaráætlanir eru kynntar og æfðar í skólunum og farið í virkjanir Landvirkjunar með fræðslu og æfingar.

Í hverju felast helstu áskoranir varðandi brunavarnir/brunamál í Þingeyjarsveit? „Það er ekki alveg einfalt að svara því, gróðureldar gætu orðið töluverð áskorun þar sem gróður hefur aukist verulega á undanförunum árum. Ferðamannafjöldinn, aukin rútuumferð og slíkt. Það sem er jákvætt er að íbúar Þingeyjarsveitar eru heilt yfir meðvitaðir um mikilvægi brunavarna“ segir Hörður.



Þú vinnur 100 milljónir í lottói. Nefndu þrennt sem þú myndir kaupa þér eða gera strax.

„Ætli ég myndi ekki bjóða fjölskyldunni í ferðalag, viðhalda húsum og vélum eða byggja mér skemmu og vonandi ávaxta einhvern sjóð til síðari tíma“.



FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

SEPTEMBER

- 6. Byggðarráð/FRÆV
- 10. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
- 11. Íþrótt- og tómstundanefnd
- 13 Umhverfisnefnd
- 19. Skipulagsnefnd
- 10. Byggðarráð
- 25. Viðtalstími í Ýdölum
- 27. Sveitarstjórn

Smelltu [HÉR](#) til að lesa síðustu fundargerðir.

Allar fundargerðir nefnda má finna á thingeyjarsveit.is

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðamaður: Dagry Þénuardóttir-hlaupastelpan@is.is - s: 8953366

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

FYLGDU ÞINGEYJARSVEIT Á INSTAGRAM OG FACEBOOK



Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í febrúar:

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri
12. og 26. febrúar kl. 9-15 í Gíg.

Ásta F. Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs
19. febrúar frá 9-15 í Gíg.

Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs
11. og 25. febrúar frá 10-14 í Gíg.

Rögnvaldur Harðarson byggingarfulltrúi
11. og 25. febrúar frá 10-14 í Gíg.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is eða í síma 512 1800

Skráðu þig á póstlistann

Skráðu netfangið þitt á póstlista Þingeyjarsveitar og fáðu sendar fréttir og tilkynningar í tölvupósti.

SKRÁ MIG

**Skráðu þig á póstlista
sveitarfélagsins á thingeyjarsveit.is
og fáðu allar fréttir sendar beint til
þín!**